

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/237****2022/EES/34/05****frá 21. desember 2020**

um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 að því er varðar daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi fyrir tilteknar gerðir samninga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 (2), (ESB) 2016/592 (3) og (ESB) 2016/1178 (4) eru tilgreindir, meðal annars, gildistökudagar stöðustofnunarskyldunnar fyrir samninga sem varða þá flokka OCT-afleiðna sem eru tilgreindir í viðaukunum við þessar reglugerðir. Í þessum reglugerðum er mælt fyrir um frestun á gildistöku stöðustofnunarskyldunnar að því er varðar OTC-afleiðusamninga sem eru gerðir á milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn er með staðfestu í Sambandinu. Þessi frestun var nauðsynleg til að tryggja að slíkir OTC-afleiðusamningar féllu ekki undir stöðustofnunarskylduna áður en framkvæmdargerð var samþykkt skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 2) Frá 2018 hefur engin framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. verið samþykkt í tengslum við stöðustofnunarskylduna. Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 (5) hefur beitingunni á stöðustofnunarskyldunni fyrir OTC-afleiðusamninga, sem gerðir eru á milli mótaðila sem tilheyra sömu samstæðu og þar sem annar mótaðilinn hefur staðfestu í þriðja landi og hinn mótaðilinn er með staðfestu í Sambandinu, þess vegna verið frestað, annað hvort fram til 21. desember 2020 eða þar til þessar framkvæmdargerðir verða samþykktar. Þrátt fyrir viðleitni til greiningar á lögsögu þriðja lands, með tilliti til þess að slík framkvæmdargerð geti átt rétt á sér, hefur engin framkvæmdargerð skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 ennþá verið samþykkt í tengslum við stöðustofnunarskylduna. Þess vegna ætti að fresta enn frekar beitingunni á stöðustofnunarskyldunni vegna þessara samninga til að komast hjá ótilætluðum skaðlegum efnahagslegum áhrifum sem ógilding þessarar undanþágu myndi hafa á fyrirtæki í Sambandinu.
- 3) Bretland varð þriðja land 1. febrúar 2020 og lög Sambandsins munu falla úr gildi bæði um og í Bretlandi 31. desember 2020. Stöðustofnunarskyldan sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 tekur þó ekki tillit til þess möguleika að aðildarríki geti sagt sig úr Sambandinu. Í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 eru tilgreindar þær dagsetningar þegar stöðustofnunarskyldan á að taka gildi fyrir samninga sem eiga við um tiltekna flokka OTC-afleiða. Enn fremur kveða þessar reglugerðir á um mismunandi dagsetningar allt eftir því undir hvaða flokk mótaðilinn að þeim samningum fellur. Mótaðilar geta ekki séð fyrir hvernig staða mótaðila sem hefur

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 56, 17.2.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2205 frá 6. ágúst 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjttíð ESB L 314, 1.12.2015, bls. 13).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/592 frá 1. mars 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjttíð ESB L 103, 19.4.2016, bls. 5).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1178 frá 10. júní 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunarskylduna (Stjttíð ESB L 195, 20.7.2016, bls. 3).

(5) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/667 frá 19. desember 2018 um breytingu á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 um að fresta gildistöku stöðustofnunarskyldu fyrir ákveðna OTC-afleiðusamninga (Stjttíð. ESB L 113, 29.4.2019, bls. 1).

staðfestu í Bretlandi getur orðið eða að hve miklu leyti sá mótaðili getur haldið áfram að veita mótaðilum sem eru með staðfestu í Sambandinu tiltekna þjónustu. Þeir aðilar að OTC-afleiðusamningum sem eru með mótaðila sem hafa staðfestu í Bretlandi standa frammi fyrir áskorunum sem eru þess vegna bein afleiðing af atburði sem þeir hafa engin áhrif á og getur sett þá í verri stöðu en aðra mótaðila í Sambandinu.

- 4) Til að bregðast við þessu kunna mótaðilar að vilja endurgera samninginn með því að skipta út mótaðila sem hefur staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila í aðildarríki. Ef ákveðið er, vegna útgöngu Bretlands úr Sambandinu, að skipta mótaðila með staðfestu í Bretlandi út fyrir nýjan mótaðila með staðfestu í Sambandinu geta útskiptin virkjað stöðustofnunarskylduna ef þau eiga sér stað daginn þegar stöðustofnunarskyldan tekur gildi eða síðar að því er varðar þá tegund samnings. Þar af leiðandi gætu aðilarnir þurft að stöðustofna þann samning hjá miðlægum mótaðila sem hefur fengið starfsleyfi eða viðurkenningu. Þar sem miðlægt stöðustofnaðir samningar falla undir annað veðtryggingar-fyrirkomulag en samningar sem ekki eru stöðustofnaðir miðlægt, gæti virkjun stöðustofnunarskyldunnar neytt tiltekna mótaðila til að hætta viðskiptum sínum, sem skilið getur tiltekna áhættu eftir óvarða. Til að tryggja að markaðurinn starfi snurðulaust og að samkeppnisskilyrði séu jöfn hjá mótaðilum með staðfestu í Sambandinu ættu mótaðilar að geta skipt út mótaðilum sem hafa staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila með staðfestu í aðildarríki án þess að virkja stöðustofnunarskylduna.
- 5) Þar að auki ætti að gefa mótaðilum nægjanlegan tíma til að skipta út mótaðilum sínum með staðfestu í Bretlandi. Vegna endurgerðar þessara samninga ætti því að fresta deginum sem stöðustofnunarskyldan getur verið virkjuð.
- 6) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hefur verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 ⁽⁶⁾. Vegna þessarar breytingar er ekki lengur krafist stöðustofnunar tiltekinnna OTC-afleiðusamninga sem gerðir voru áður en stöðustofnunarskyldan öðlast gildi. Þess er heldur ekki lengur krafist að tilgreina lágmarkseftirstöðvatíma OTC-afleiðusamninganna sem um getur í 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Því ætti lágmarkseftirstöðvatími ekki lengur að vera tilgreindur í framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178.
- 7) Breyta ætti framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2014, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 til samræmis við það.
- 8) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 9) Breytingarnar á framseldum reglugerðum (ESB) 2015/2205, (ESB) 2016/592 og (ESB) 2016/1178 eru afmarkaðar leiðréttingar á núverandi regluramma. Þar sem umfang breytinganna er takmarkað og vegna þess hversu brýnt málið er, væri verulega óviðeigandi að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefði opið samráð við almenning eða að hugsanlega tengdur kostnaður og ávinningur yrði greindur. Af sömu ástæðum hefur Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin ekki leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010⁽⁷⁾, og upplýst hann til samræmis við það.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunarskyldu, frestun á stöðustofnunarskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskráum og kröfum fyrir afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 10) Nauðsynlegt er að veita markaðsaðilum réttarvissu eins fljótt og auðið er svo þeir geti með fullnægjandi hætti undirbúið sig fyrir að uppfylla kröfurnar samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 648/2012, en þessi reglugerð mun hafa áhrif á beitingu þeirra, einkum að því er varðar kröfurnar sem núverandi frestur gildir um og sem er óðum að stytta. Því ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/2205 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í fyrstu undirgrein 2. mgr. kemur eftirfarandi í stað a-liðar:

„a) 30. júní 2022 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,“

- b) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem um getur í viðaukanum skal stöðustofnunarskyldan taka gildi frá og með 18. febrúar 2022 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stöðustofnunarskyldan hafi ekki virkjast fram til 18. febrúar 2021,
- b) samningarnir séu endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila með staðfestu í aðildarríki.“

- 2) Ákvæði 4. gr. falla brott.

2. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2016/592

Framseldri reglugerð (ESB) 2016/592 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. kemur eftirfarandi í stað a-liðar:

„a) 30. júní 2022 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,“

- b) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem um getur í viðaukanum skal stöðustofnunarskyldan taka gildi frá og með 18. febrúar 2022 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) stöðustofnunarskyldan hafi ekki virkjast fram til 18. febrúar 2021,
- b) samningarnir séu endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila með staðfestu í aðildarríki.“

- 2) Ákvæði 4. gr. falla brott.

3. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178

Framseldri reglugerð (ESB) 2016/1178 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. kemur eftirfarandi í stað a-liðar:

„a) 30. júní 2022 ef ekki hefur verið tekin ákvörðun um jafngildi skv. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar 4. gr. þeirrar reglugerðar sem tekur til þeirra OTC-afleiðusamninga sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð að því er varðar viðkomandi þriðja land,“

b) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við:

„3 Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. að því er varðar samninga sem tilheyra flokki OTC-afleiðna sem um getur í viðaukanum skal stöðustofnunarskyldan taka gildi frá og með 18. febrúar 2022 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stöðustofnunarskyldan hafi ekki virkjust fram til 18. febrúar 2021,

b) samningarnir séu endurgerðir í þeim eina tilgangi að skipta út mótaðila með staðfestu í Bretlandi fyrir mótaðila með staðfestu í aðildarríki.“

2) Ákvæði 4. gr. falla brott.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
